



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 19. febrúar 1987.

118. fundur skólanefndar

Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn í bóknámshúsi skólans fimmtu-
daginn 29. janúar 1987 og hófst hann kl. 17.

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson, formaður, Hjálmar Árnason,
skólameistari, Ingimundur Guðnason, Jón Gunnarsson, Guðjón Þ.
Kristjánsson og Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara.

Formaður ræddi heimsókn skólanefndar til Selfoss og ýmsa þætti
í tengslum við uppbyggingu framhaldsskólanna.

Hjálmar gat þess í framhaldi af þessu að áætlunartölur F.S.
um skil nemenda í framhaldsnám væru síður en svo of háar ef tekið
væri mið af áætlunum sem lagðar voru til grundvallar við byggingu
skólans á Selfossi.

Gengið til dagskrár.

1. Fjármál viðbyggingar.

Rætt var um fjármögnun viðbyggingarinnar. Samþykkt var að
senda sveitastjórnnum bréf þar sem óskað er eftir því að skóla-
nefnd fái umboð til þess að ganga frá fjármögnun á grundvelli
samnings milli ríkisins og sveitafélaganna. Fram kom að áætlað
er að bjóða út framkvæmdir við viðbygginguna í seinni hluta
febrúar.

2. Tölvukaup.

Skólameistari upplýsti nefndarmenn um það að enn væri allt
fjárhagsbókhald skólans handfært. Nauðsynlegt væri að tölvuvæða
þennan þátt starfseminnar. Hugbúnaður til að anna slíku er til
innan skólans, en vélbúnaðinn vantar. Tölvann sem nú sinnir nemenda-
bókhaldi er að verða allt of lítil. Því er lagt til að hún verði
tekin til að sinna fjárhagsbókhaldi og öflugri tölva fengin í
nemendabókhald. Þetta var samþykkt og Hjálmar falið að athuga
kostnað.

3. Lok haustannar - upphafvorannar.

Haustönn Fjölbrautaskólans var slitið við hátíðlega athöfn í Keflavíkirkirkju laugardaginn 20. des. 60 nemendur hlutu þar brautskráningarskírteini af eftirtöldum brautum:

- 13 skipstjórar
- 12 flugliðar
- 4 af iðnbrautum
- 5 af tveggja ára brautum
- 26 stúdentar

Snorri Birgisson og Óskar Ingólfsson fluttu tónverk. Guðný Gunnarsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, og Kolbrún Garðarsdóttir tóku við verðlaunum fyrir góðan námsárangur. Hafliði Sævarsson var heiðraður fyrir vel unnin félagsstörf í þágu nemenda og skóla.

Skólameistari, Hjálmar Arnason, ávarpaði brautskráða og Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, flutti yfirlit um starfsemina á önninni. Þar kom fram að nemendur voru yfir 800 talsins í dagskóla, öldungadeild, starfsnámi og námsflokkum.

Alíkur heildarfjöldi nemenda hefur látið innrita sig á vorönn, en ekki er ljóst enn hve margir munu skila sér til náms.

4. Breytingar í starfsliði.

Gizur Ísleifsson hefur óskað eftir lausn frá störfum við skólann. Skólanefnd samþykkir málaléitan þessa og þakkar Gizuri vel unnin störf við stofnunina.

Jóhannes Helgason sækir um breytingu á stöðuhlutfalli úr heilli stöðu í tvo þriðju. Skólanefnd samþykkir erindið.

5. Námsvistargjöld.

Hjálmar Arnason lagði fram bréf sitt til stjórnar S.S.S.S. varðandi námsvistargjöld þau sem Reykjavíkurborg innheimtir á Suðurnesjum. Í bréfinu leggur hann til að samningum við Reykjavíkurborg verði sagt upp.

Skólanefnd lýsir sig samþykka efni bréfsins og óskar eftir því að samningurinn verði tekinn til endurskoðunar.


6. Önnur mál.

a) Samþykkt var beiðni fatlaðs nemenda við öldungadeild skólans þess efnis að hann fái námsgjöld sín felld niður.

- b) Lögð var fram skýrsla um ferð Ósu Knútsdóttur á námskeið fyrir dönskukennara á framhaldsstigi sem haldið var í Danmörku 3. -15. ágúst 1986. Þar koma fram þakkir til skólanefndar fyrir styrk sem Ósu var veittur til fararinnar.
- c) Lokaafgreiðsla stjórnar S.S.S. á tillögum fjárhagsnefndar er varða rekstur skólans var lögð fram til kynningar.
- d) Bréf Flugmálastjórnar varðandi bóklegt nám á flugliðabraut lagt fram.
- e) Hjálmar upplýsti að fyrir dyrum stæði úttekt á málmiðnaðarbraut skólans. Úttektina mun Baldur Ólafsson framkvæma.
- f) Þá var rætt um góðan árangur nemenda skólans á vettvangi íþrótta, en tveir nemendur hafa hlotið viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í sundi. Þau Eðvarð Þór Eðvarðsson, sem var kjörinn Íþróttamaður ársins 1986 á Íslandi og Ragnheiður Runólfsdóttir. Þau eru bæði margfaldir Íslandsmeistarar í sínum greinum.
- Að lokum var rætt um góðan árangur keppnisliðs skólans í mælskukeppni M.O.R.F.I.S., þar sem okkar menn eru komnir í undanúrslit. Var þessu unga fólki óskað velfarnaðar í starfi og leik.
- Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmundur Björnsson,
formaður.



Guðjón Þ. Kristjánsson,
fundarritari.

KEYRSLUDAGUR: 01.01.80

SKIL TIL NEMENDASKRÁR
FJÖLBRAUTASK. SUÐURNESJA

BLS.: 1

NÁMSBRAUT FJÖLDI

BÓKNÁMSBRAUT	68
EDLISFRÆÐIBRAUT	17
FISKVINNSLUBRAUT 1	4
FJÖLMIDLABRAUT	9
FLUGLIDABRAUT	5
FÉLAGSFRÆÐABRAUT	15
HEILSUGÆSLUBRAUT 2	15
HEILSUGÆSLUBRAUT 4	3
IÐNBRAUT BÍFVÉLAVIRKJUNAR	1
IÐNBR. VÉLVIRKJ. OG RENNISMÍÐI	1
IÐNBRAUT HÚSASMÍÐA	16
IÐNBRAUT HÚSGAGNASMÍÐI	1
IÐNBRAUT MÚRSMÍÐA	1
IÐNBRAUT PÍPULAGNA	1
IÐNBRAUT RAFIÐNA	1
MEISTARASKÓLINN	15
MÁLABRAUT	48
NÁTTÚRUFÆÐABRAUT	18
TÖLVUFRÆÐI-VIÐSKIPTABRAUT	3
TÖLVUFRÆÐI-VIÐSKIPTABRAUT 4	9
TÖLVUFRÆÐI-RAUNGREINABRAUT	10
TÆKNITEIKNUN	7
UPPELDISBRAUT 2	21
UPPELDISBRAUT 4	15
VIÐSKIPTABRAUT 2	50
VIÐSKIPTABRAUT 4	25
VERKNÁMSBRAUT HÁRSNYRTIÐNA	12
VERKNÁMSBRAUT MÁLMIDNA	4
VERKNÁMSBRAUT RAFIÐNA	30
VERKNÁMSBRAUT TRÉIÐNA	10
ÍPRÓTTABRAUT 2	16
— " — 4	6

FJÖLDI ALLS: $451 + 6 = 457$

+ vélavertir